

**FRÁSÖGN**

*af sumarfundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Kungälv, 4. júní 2014.*

Sumarfundur forsætisnefndar Norðurlandaráðs var haldinn í Kungälv 4. júní sl. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundinn Höskuldur Þórhallsson, formaður, og Helgi Hjörvar, auk Lárusar Valgarðssonar ritara. Helstu mál á dagskrá voru Norðurlönd sem áfangastaður ferðamanna, Norræni sáttmálinn um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, tíska og markaðssetning Norðurlanda sem vörumerkis, Norræn lýðheilsuverðlaun, Norðurlandaráðsþing 2014, vorþingfundur Norðurlandaráðs 2015 og umbætur í Norðurlandaráði.

Forsætisnefnd, sem æðsta ákvörðunarvald Norðurlandaráðs milli þingfunda, samþykkti þrenn tilmæli ráðsins. Í fyrsta lagi samþykkti forsætisnefnd tilmæli um Norðurlönd sem áfangastað ferðamanna á grundvelli tillögu sem afgreidd var úr efnahags- og viðskiptanefnd 8. apríl sl. á Akureyri. Samþykkt var að beina tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að gera norræna áætlun um markaðssetningu ferðamennsku á Norðurlöndum; að fjármagna markaðssetningu og markaðsaðlögun Norðurlanda á nokkrum afmörkuðum markaðssvæðum; og að stuðla að myndun norræns tengslanets um ferðamennsku með því að leiða saman viðeigandi aðila í ferðaþjónustu og hvetja þá til að eiga samstarf um að markaðssetja Norðurlönd og norræna upplifun. Einnig var samþykkt að beina tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda um að aðlaga reglugerðir um hlutverk ferðamálaráða landanna þannig að það feli í sér aukið samstarf í ferðaþjónustu á Norðurlöndum og sameiginlega markaðssetningu ferðamennsku á Norðurlöndum sem vöru, bæði út á við og inn á við; og að þróa samanburðarhæfa tölfræði sem sýni hvernig ferðamenn ferðast og verja peningum á Norðurlöndum.

Í öðru lagi samþykkti forsætisnefnd tilmæli um Norræna sáttmálann um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu í samofnari Evrópu á grundvelli tillögu sem afgreidd var úr borgara- og neytendanefnd 8. apríl sl. á Akureyri. Samþykkt var að beina tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að gera úttekt á áhrifum sem nýjar ESB-gerðir hafa á túlkun og framkvæmd Norræna sáttmálans frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu; að yfirfara og endurbæta Norræna sáttmálann frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu í þá veru að sáttmálinn verði í samræmi við reglur ESB og að samkvæmt honum verði ekki hægt að vísa úr landi norrænum ríkisborgurum sem þurfa félagslega aðstoð; að skeyta inn réttindum barna í Norræna sáttmálann frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu og tryggja að sáttmálinn sé í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989; og að gera munnlega grein fyrir framvindu og árangri starfsins á Norðurlandaráðsþingi 2014 í Stokkhólmi.

Í þriðja lagi samþykkti forsætisnefnd tilmæli um tísku og markaðssetningu á Norðurlöndum sem vörumerki á grundvelli tillögu sem afgreidd var frá efnahags- og viðskiptanefnd með skriflegri ákvörðun 20. maí sl. Samþykkt var að beina tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að móta í samstarfi við aðila í tísku- og fataiðnaði nokkurs konar stefnuyfirlýsingu, sem gefur til kynna ákveðna afstöðu til umhverfis, endingar, efna, endurvinnslu, hönnunar, siðferðis og félagslegrar ábyrgðar sem hvetja má aðila tísku- og fataiðnaðarins til að styðja og fylgja; að móta hvata sem geri eftirsóknarvert fyrir aðila tísku- og fataiðnaðarins að fylgja markmiðum stefnuyfirlýsingarinnar; og að gera sjálfbæra norræna tísku hluta af markaðssetningu Norðurlanda sem vörumerkis.

Tekin var fyrir fyrirspurn frá Norrænu ráðherranefndinni um hvort hægt væri að færa Norrænu lýðheilsuverðlaunin undir hatt Norðurlandaráðs og setja þau á stall með öðrum verðlaunum ráðsins. Verðlaunin hafa verið veitt frá árinu 2006 af Norrænu ráðherranefndinni og Norræna lýðheilsuháskólanum og tilgangur þeirra hefur verið að beina athygli að mikilsverðu

átaki tengdu heilbrigði og vellíðan. Einn Íslendingur hefur hlotið verðlaunin, Haraldur Briem sóttvarnalæknir árið 2012 fyrir alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir á aðgerðum gegn smitsjúkdómum og baráttuna gegn sýklalyfjaónæmi. Ástæða fyrirspurnar ráðherra nefndarinnar eru þær skipulagsbreytingar að Norræni lýðheilsuháskólinn verður lagður niður þann 1. janúar 2015 og mörg verkefna hans munu færast til Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar í Stokkhólmi. Forsætisnefnd ákvað að hafna því að gera norrænu lýðheilsuverðlaunin að verðlaunum Norðurlandaráðs.

Forsætisnefnd samþykkti drög að dagskrá Norðurlandaráðsþings 2014 í Stokkhólmi. Nokkrar breytingar verða á dagskrá þingsins frá síðasta ári, m.a. að forsætisnefndar- og fagnefndafundir verða haldnir síðdegis á mánudegi í staðinn fyrir á þriðjudagsmorgni, að nýjar þingmannatillögur og ráðherra nefndartillögur verða kynntar á þingfundi með eftirfarandi umræðu forustumanna flokkanna og að nefndarálit sem samþykkt hafa verið einróma í nefndum má annaðhvort afgreiða endanlega í forsætisnefnd eða ljúka má málinu á þingfundi án umræðu.

Forsætisnefnd ákvað einnig að fara þess á leit við Evrópuþingið að vorþingfundur Norðurlandaráðs árið 2015 verði haldinn í Evrópuþinginu í Brussel þar sem sérstök umræða verður um Evrópusambandið og Norðurlönd. Ekki var full samstaða um ákvörðunina.

Þá var fjallað um tillögur starfshóps forsætisnefndar um umbætur í Norðurlandaráði. Starfshópurinn, sem í sitja fulltrúar flokkahópa Norðurlandaráðs, hefur fundað tvívegis, 8. apríl sl. á Akureyri og 3. júní sl. í Kungälv. Varðandi innihald starfsemi Norðurlandaráðs ákvað forsætisnefnd að nýjar tillögur verði kynntar á þingfundum og að þær verði teknar til fyrstu umræðu þar áður en þær fara til nefnda og að Norðurlandaráð ákveði áhersluþætti til þriggja ára sem birtist í samofnum formennskuáætlunum með svokölluðu trojka-fyrirkomulagi. Varðandi form starfsemi Norðurlandaráðs ákvað forsætisnefnd að fastsetja fjóra skilafresti árlega fyrir framlagningu tillagna. Varðandi þingfundi Norðurlandaráðs ákvað forsætisnefnd að aðalþingfundur ráðsins verði áfram á haustin og til skiptis í norrænu löndunum og að aðskildum fundum forsætisnefndar og fagnefnda að sumarlagi verði haldið áfram. Nokkur umræða skapaðist um hvort halda ætti ávallt samhliða fundi forsætisnefndar og fagnefnda Norðurlandaráðs í janúar, apríl og september á sama stað, í Kaupmannahöfn, og hvort ljúka ætti öllum samhliða fundum með stuttum þingfundi. Höskuldur Þórhallsson sagðist við umræðuna vera þeirrar skoðunar að gott væri að halda áfram að halda samhliða fundi ráðsins í apríl og vorþingfundi þess á mismunandi stöðum eins og verið hefur. Starfshópur forsætisnefndar um umbætur mun halda áfram störfum og skila tillögum til forsætisnefndar jafnóðum.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu [www.norden.org](http://www.norden.org).